CHRISTO
Á KJARVALSSTÖÐUM


Á YFIR þrjátíu ára listferli hefur Christo, sem er fæddur árið 1935 í Búlgaríu, unnið að ýmsum óvenjulegum verkefnum, þar á meðal hefur hann öðlast heimsfrægð fyrir að pakka inn hlutum sem virðast varla til slíks fallnir, svo sem þinghúsi í Berlín, brú í París, klettum við strönd Ástralíu og ellefu eyjum við Flórída. Slík verkefni kosta mikla peninga — í stærstu verkin fara plastefni í hundruðum þúsunda fermetra — og Christo hvorki þiggur styrki eða leyfir öðrum að taka þátt í kostnaðinum; hann safnar peningum með því að selja teikningar, ljósmyndir og grafíkverk, sem yfirleitt tengjast fyrirhuguðum eða afloknum „innpökkunum". Sýningin, sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag, samanstendur aðallega af slíkum teikningum og ljósmyndum af umhverfisskúlptúrum, og kemur hingað frá Sonie-Onstad-listasafninu í Noregi.

Christo pakkar hlutum ekki bara inn, heldur hefur hann einnig strengt dúk yfir landsvæði og lokað fyrir mynni dals svo eitthvað sé nefnt, og nú vinnur hann að stóru verkefni sem hann kennir við regnhlífar. Ætlunin er, þegar af verður, að reisa þúsundir sex metra hárra regnhlífa í átján kílómetra línu í Japan, og í tuttugu og fimm kílómetra línu í Bandaríkjunum. Regnhlífarnar verða bláar á litinn í Japan en gular á hinum staðnum.

Í nýlegu viðtali sagði Christo að með hverju nýju verkefni reyndi hann að skapa nýtt listaverk: „Ég reyni að bæta nýrri vídd við verk mín. Ég byrja aldrei að vinna að verkefni sem líkist einhverju sem ég hef þegar gert. Ég reyni að hafa eitthvað nýtt fram að færa í hvert sinn. „Regnhlífaverkefnið" er til dæmis það fyrsta sem ég geri samtímis á tveimur stöðum."

Umhverfisskúlptúrar Christos eru þeim annmörkum háðir, að þeir geta yfirleitt aðeins staðið um skamma hríð; frá nokkrum klukkustundum upp í nokkra daga. Christo segir að listaverk sín séu háð ákveðnum tíma og aðstæðum, það gefi þeim ákveðið fagurfræðilegt gildi og veki spurningar um hvað sé list, hvort hægt sé að safna allri list og hvort list sé eilíf. „Ég ætlast til þess að hvert verk sé einstakt, í þeirri merkingu að það verður aðeins í eitt sinn, rétt eins og bernska okkar eða líf, og þess vegna aldrei hægt að endurteka það, skipta á því og einhverju öðru eða flytja það. Þetta eru ekki hlutir, heldur listaverk sem fá venjulega ákveðið rými að láni — eitthvað sem tilheyrir málverki eða skúlptúr ekki dags daglega. Þau fá rými á landsbyggðinni, í borginni eða úthverfinu — tré, brýr, hraðbrautir. Rýmið og listaverkið verða eitt.

Hinsvegar," segir Cristo, „hafa teikningarnar og myndirnar, sem ég vinn við undirbúninginn að þessum verkum, sitt eigið listræna gildi. Á hefðbundinn hátt sel ég teikningar og slík verk, og með tekjunum af sölunni get ég hrint stórum verkefnum í framkvæmd. Segja má að teikningarnar og smærri skúlpúrarnir séu hefðbundin listaverk, list sem hengja má upp á vegg. Mikilvægast er hvað ég geri við peningana sem ég fæ fyrir þau. Ég gæti keypt hús og demanta fyrir konuna mína, en ég nota þá til að gera stóru verkefnin raunveruleg." — efi



Pont Neuf-brúin í París, innpökkuð 1985.

ÓPERA

LEIKRÆN HLUTVERK SKEMMTILEGUST

Heimur óperunnar er harður og eflaust eru þar fáir á aldur við Ingveldi Ýr Jónsdóttur, mezzósópran, að feta sín fyrstu spor. Ingveldur, sem er 24 ára gömul, er þó hvergi bangin og ætlar ótrauð að hella sér út í þá hörðu samkeppni sem ríkir í óperuhúsum í Evrópu. Hún hefur líka vænan sjóð í farteskinu sem er haldgóð söngmenntun frá söngskólum beggja vegna Atlantshafsins.

Því fer þó fjarri að Ingveldur hafi einungis haldið sig í útlöndum því hún hóf söngnám hjá Guðmundu Elíasdóttur 15 ára gömul og ári seinna innritaðist hún í Söngskólann í Reykjavík. Tveimur árum síðar hélt Ingveldur til Vínarborgar þar sem hún sótti tíma til Svanhvítar Egilsdóttur og tók lokapróf frá Tónlistarskóla Vínarborgar en á sama tíma tók hún stúdentspróf frá Menntaskólanum í Hamrahlíð. Frá Vínarborg lá leiðin yfir hafið til New York þar sem hún hefur stundað nám í Manhattan School of Music. Mastersgráðu frá skólanum lauk hún í vor. Ingveldur vann til verðlauna í keppni fyrir söngvara og hljóðfæraleikara á vegum „92nd street Y" samtakanna svokölluðu í New York í mars.


Þó Ingveldur eða Inga, eins og vinir hennar kalla hana, hafi komið opinberlega fram bæði í Austurríki og Bandaríkjunum hefur hún aldrei haldið einsöngstónleika á Íslandi. Hún er nú stödd hér á landi og hyggst bæta úr þessu með tónleikum í Íslensku óperunni 11. júní næstkomandi þar sem hún mun syngja fjölbreytt verk við undirleik Kristins Arnar Kristinssonar pianóleikara. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00.

Ólíkir skólar

Ingveldur hefur reynslu af því að sitja á skólabekk í tveimur heimsálfum en ætli sé einhver munur á skólum á þessum tveimur stöðum.

„Jú, því verður ekki neitað," segir Ingveldur hugsi. „Bandarískir skólar eru til dæmis mun skipulagðari og kenna betri tækni á öllum sviðum en skólar í Evrópu. Þar er aftur á móti lögð áhersla á tungumálakennslu og mismunandi stíltegundir sem Ameríkanar hafa tilhneigingu til að blanda saman. Ekki má heldur gleyma því að samkeppnin í amerískum skólum er mun meiri og oft og tíðum ómanneskjulegri en í Evrópu."

Ingveldur Ýr Jónsdóttir reynir fyrir sér á fjölunum í Evrópu í haust



Lýríkur mezzósópran

Ingveldur er lýríkur mezzósópran með kóleratúr. „Ég reyni að halda mig við lýríkari hlutverk meðan ég er ennþá ung. Seinna býst ég svo við að syngja dramatískari hlutverk og raddlega erfiðari. Ég reyni að fara ekki út í þau of fljótt því ég hef tekið eftir því að fólk sem fer of semma í erfiðari hlutverk er líklegra til að missa röddina fyrr en ef það heldur sig lengur við lýríkari hlutverk," segir Ingveldur kankvís og bætir við að henni finnist skemmtilegust hlutverk sem reyna á leikræna túlkun söngvarans.

Eftir tónleikana flytur Ingveldur búferlum til Austurríkis.

„Maðurinn minn er Austurríkismaður og það bindur mig svolítið við hinn þýskumælandi heim. Þess vegna hef ég hugsað mér að reyna fyrir mér í Evrópu á næstunni, syngja fyrir umboðsmenn og óperuhús í von um að fá einhvers staðar vinnu," segir Ingveldur og talið berst að samkeppninni úti.

„Staðreyndin er sú að fyrir nokkrum árum var fremur auðvelt fyrir útlendinga að fá vinnu við evrópsk óperuhús. Nú hefur hins vegar vaxið upp kynslóð af frambærilegum þýskumælandi söngvurum og eftir að austurblokkin opnaðist hefur samkeppnin enn aukist og kröfurnar orðið meiri. Annars borgar sig ekki að vera að hugsa of mikið um þetta en halda frekar á brattann."

Alltaf rúm fyrir gott fólk

Óperuhús í Evrópu eru eins og gefur að skilja bæði stór og smá en hvar ætli sé best stíga fyrstu skrefin.

„Ég held að best sé að byrja í litlu húsi þar sem maður hefur tækifæri til að afla sér reynslu á sviði og læra hlutverk sem manni hæfa. Ég vona að ég verði heppin og fái inni í húsi þar sem ég get haldið áfram að læra meira, en enn sem komið er er þetta auðvitað meira draumamynd en veruleiki," segir Ingveldur en vill samt ekki meina að henni ói við framtíðinni. „Ég trúi því að alltaf sé rúm fyrir gott fólk. Maður verður líka að hafa trú á sjálfum sér til að komast áfram, ekki of litla trú og ekki of mikla, vita hvar manns takmörk liggja."

Vill taka þátt í íslensku tónlistarlífi

Um íslenskt tónlistarlíf segir Ingveldur: „Mér finnst stórkostlegt hvað mikið er um að vera í íslensku tónlistarlífi og gaman að sjá hvað fólk hefur byggt mikið upp hérna. Ég vildi gjarnan taka þátt í þessu en ég skil vel að húsin hérna hafa lagt mikla vinnu í uppbygginguna og að þau geti ekki tekið þá áhættu að reyna óþekkta og óreynda söngvara þar sem mikið er í húfi og allt verður að smella saman. Hins vegar finnst mér sjálfsagt að fá reynda söngvara til að skipta við þá sem fyrir eru og leyfa fólki að sjá og heyra fleiri góða Íslendinga," segir Ingveldur.

Í því sem við kveðjumst berast íslenskir óperusöngvarar í tal og Ingveldur viðurkennir að það sé spennandi að vita til þess hversu vel þeim gangi í Evrópu. „Þeir hafa rutt brautina og eru ákveðinn styrkur fyrir unga íslenska söngvara. Auk þess hafa þeir getið sér góðan orðstír sem kemur okkur sem á eftir komum til góða."

Viðtal: Anna Gunnhildur Ólafsdóttir.